

Kæri MH-ingur – 16. október 2024

Nú hefur [próftaflan](#) verið birt og mánudagurinn 2. des. er fyrsti prófdagur.

Alltaf eru einhverjir nemendur sem þurfa sérúrræði í lokaprófum og við tökum tillit til þess.

Eftirfarandi stendur ykkur til boða sem eigið greiningar af einhverjum toga, hafið vottorð frá lækni /sálfræðingi eða eruð í reglulegu sambandi við náms- og starfsráðgjafa MH:

- Að fá að taka próf í kennslustofu frekar en á sal
- Lesblindir nemendur geta fengið lituð prófblöð eða prófið á hljóðskrá
- Að taka próf í námsveri (gildir um þá sem hafa sótt námsver í haust)
- Önnur sérúrræði í samráði við námsráðgjafa

Nemendur sem ætla að sækja um sérúrræði þurfa að mæta til námsráðgjafa og sækja um sérúrræðin þar, fyrir 11. nóvember. Ekki verður hægt að skrá í stofur eftir þann dag.

Athugið að ekki þarf að sækja sérstaklega um lengri próftíma, **aðeins lituð blöð**, **upplestur** eða **að taka prófið í kennslustofu** (hámark 14 nemendur) í stað þess að taka það á sal (Miklagarði eða Miðgarði)

Ef einhverjar spurningar vakna hafið þá samband við náms-og starfsráðgjafa MH.

Athugið að ef þið eruð með 2 próf á sama degi er hægt að óska eftir frestun á öðru þeirra sem færast þá yfir á sjúkraprófsdag og það er gert á [heimsíðu MH](#)

Kv.

Fríður, Hafdís, Inga Guðrún og Sigga Birna, náms- og starfsráðgjafar MH